

Ársskýrsla 2000

44. reikningsár

Annual Report 2000

44th Financial Year



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF

STOFNSETT 7. DESEMBER 1956
HÓF STARFSEMI 1. JANÚAR 1957

Stjórn:

Sigurður Einarsson, formaður, Vestmannaeyjum, lést 4.10.2000.

Jón Ingvarsson, varaformaður, Reykjavík

Ágúst Karlsson, Reykjavík

Geir Zoëga, Reykjavík

Haraldur Sturlaugsson, Akranesi

Magnús Bjarnason, Eskifirði

Svavar B. Magnússon, Ólafsfirði

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers ehf.

Skoðunarmaður:

Kristinn V. Jóhannsson, Neskaupstað

Varaskoðunarmaður:

Auður Einarsdóttir, Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2000	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	7
Áritun endurskoðenda	8
Rekstrarreikningur fyrir árið 2000.....	9
Efnahagsreikningur 31. desember 2000	10
Sjóðstreymi árið 2000.....	12
Skýringar með ársreikningi 2000.....	13
Fimm ára yfirlit.....	23
Annual Report of the Board and the Managing Director	26
Profit and Loss Account for the year 2000.....	27
Balance Sheet as at Desember 31st 2000	28
Summary of insurance classes	30
Five year highlights from the Annual Accounts	31

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2000

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. apríl 2000 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins: Ágúst Karlsson, Geir Zoëga, Haraldur Sturlaugsson, Jón Ingvarsson, Magnús Bjarnason, Sigurður Einarsson og Svavar B. Magnússon. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Sigurður Einarsson var kosinn formaður og Jón Ingvarsson varaformaður. Sigurður Einarsson, formaður félagsins, lést þann 4. október 2000 langt fyrir aldur fram. Sigurður sat í stjórn þess frá 1977 og þar af sem formaður frá 1995. Hann setti sig vel inn í starfsemi félagsins og átti mikinn þátt í framgangi þess. Sigurður var mikilhæfur forustumaður, framsýnn og hreinskiptinn. Við andlát Sigurðar tók Jón Ingvarsson við sem formaður félagsins.

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 233.099.042. Huthafar í árslok voru 672 en 893 í ársbyrjun. Einn hluthafi, Fram hf., Vestmannaeyjum, á yfir 10% hlutfjár eða 17,74%. Í skýringu nr. 33 er skrá yfir þá hluthafa sem áttu yfir 3% hlutfjár í félaginu í árslok 2000. Mikil viðskipti voru með hlutabréf í félaginu og hækkaði gengi þeirra um 12% á árinu.

Ársreikningurinn, sem er samstæðuársreikningur, innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar og Tryggingar, sem er að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar. Starfsemi Tryggingar hf. er óveruleg. Hún er eingöngu fólgin í eignaumsýslu og uppgjöri útistandandi tjóna í erlendum endurtryggingum. Allur samanburður í skýrslu þessari byggist á samstæðunni nema annað sé tekið fram.

Hagnaður ársins 2000 var 171 milljón króna en var 235 milljónir króna árið áður.

Hagnaður af fjármálarekstri var 251 milljón krónur en var 234 milljónir króna árið 1999. Hagnaður af hlutdeildarfélagum minnkaði milli ára, var 108 milljónir króna en var 139 milljónir króna árið áður, og tekjur af öðrum eignarhlutum lækkuðu einnig, voru 45 milljónir króna samanborið við 84 milljónir króna árið 1999. Vaxtatekjur og gengismunur hækkuðu á milli ára, voru 930 milljónir króna en 880 milljónir króna árið áður. Fjárfestingatekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur voru 835 milljónir króna samanborið við 789 milljónir króna árið áður. Undir liðnum önnur gjöld er gjaldfærsla á afskrift á viðskiptavild vegna kaupa á Tryggingu hf. að fjárhæð kr. 103 milljónir. Hagnaður af sölu fjárfestinga var 81 milljón en var 30 milljónir árið áður.

Hagnaður af váttryggingarekstri á árinu 2000 var 145 milljónir króna en var 256 milljónir árið áður. Þessi niðurstaða er ekki viðunandi því taka verður tillit til þess að félagið færði 200 milljónir króna úr útjöfnunarskuld til að mæta miklum tjónþunga. Þetta er annað árið í röð sem félagið þarf að grípa til þessa úrræðis, en árið 1999 færði félagið 255 milljónir úr útjöfnunarskuldinni. Mjög stór tjón lentu á félaginu á síðasta ári, bruni í Ísfélaginu í Vestmannaeyjum og bruni í Ms Hannover á hafi úti. Einnig var tjónþungi mikill í ökutækjatrýggingum og fjölskyldu- og fasteignatrýggingum. Eins og sést á yfirlitinu hér að neðan var góð afkoma í sjó-, flug- og farmtryggingum, ábyrgðartryggingum og innlendum endurtryggingum. Afkoman var viðunandi í slysatryggingum, slæm í eignatrýggingum og afleit í ökutækjatrýggingum, sérstaklega lögboðnum ökutækjatrýggingum.

Ársskýrsla

Samanburður á rekstrarafkomu einstakra greinaflokka váttrygginga fyrir árin 2000 og 1999:	2000 Millj.kr.	1999 Millj.kr.
Eignatryggingar	-46,6	58,0
Sjó-, flug- og farmtryggingar	253,5	287,9
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	-321,9	-299,9
Aðrar ökutækjatrýggingar	6,4	-50,7
Ábyrgðartryggingar	150,0	97,8
Slysa- og sjúkratryggingar	42,8	101,5
Innlendar endurtryggingar	56,6	96,5
Erlendar endurtryggingar	4,3	-34,9
Samtals:	145,1	256,2

Afkoma ökutækjatrýgginga. Undanfarin ár hefur staða ökutækjatrýgginga verið mjög erfið. Bókfært tap félagsins af rekstri ökutækjatrýgginga á síðastliðnum þremur árum, 1998 - 2000, var samtals 1.043 milljónir króna. Upphaf erfiðleikanna má rekja til ársins 1996, en 1. júlí það ár var gerð breyting á skaðabótalögum sem hækkaði slysabætur í lögboðnum ökutækjatrýggingum um 13%-15%. Í nóvember sama ár neyddist félagið til að lækka iðgjöld í lögboðnum ökutækjatrýggingum um rúm 20% til jafns við önnur bifreiðatryggingafélög eftir að FÍB í samvinnu við erlendan váttryggjanda hóf að bjóða hér lægri iðgjöld en áður tíðkaðist. Þann 1. júlí 1999 var skaðabótalögunum enn breytt og þá þannig að slysabætur í lögboðnum ökutækjatrýggingum hækkuðu um 36% og tjónakostnaður samtals hækkaði um 25%. Jafnframt þessu varð ýmislegt annað til að hækka tjónakostnað í ökutækjatrýggingum. Aukin velmegun og mikil atvinna leiðir jafnan til aukinnar spennu í umferðinni, aukinnar tjónatíðni og hærri slysabóta vegna aukinnar atvinnuþátttöku og hærri launa. Það hefur einnig orðið til að hækka tjónakostnað félagsins að mat lækna á fjárhagslegri örorku hækkaði jafnt og þétt án þess að mat á miska hafi breyst á marktækan hátt. Það er ljóst að í skaðabótalögin vantar leiðbeiningar um mat á miska og fjárhagslegri örorku. Vegna aðstæðna á markaði sá félagið sér ekki fært að hækka iðgjöld í ökutækjatrýggingum fyrr en í júní 1999, en þá hækkaði félagið iðgjöld í lögboðnum ökutækjatrýggingum um 30%-35%. Iðgjöld voru síðan hækkuð aftur í júlí 2000 um 25%-30% auk þess sem gerðar voru breytingar á áhættusvæðum og áhættuflokkun og bónusreglum. Félagið kynnti þessar breytingar í bæklingi sem sendur var til allra viðskiptavina félagsins og á heimasíðu sinni. Þar kom meðal annars fram að miðað við óbreyttan tjónþunga vantaði enn 15% - 20% á að iðgjöld væru nægjanleg. Félagið taldi hins vegar að ýmislegt benti til þess að draga myndi úr tjónþunga. Þá voru miklar þjóðfélagsmæður um umferðaröryggismál og sjá mátti merki þess að dregið hefði úr efnahagslegri spennu í þjóðfélaginu. Nú virðist sem heldur hafi dregið úr tjónafjölda á undanförunum mánuðum. Verði framhald á þeirri þróun gæti rekstur ökutækjatrýgginga komist í viðunandi horf á þessu ári eða því næsta.

Afkoma eignatrygginga. Rekstur eignatrygginga hefur lengst af gengið vel en nú er þar orðin breyting á. Mikil samkeppni á undanförunum árum hefur leitt til lækkunar iðgjaldstaxta og er það mikið áhyggjuefni að það skuli gerast á sama tíma og tjónþungi eykst í greininni. Afkoma fjölskyldutrygginga hefur farið versnandi á undanförunum árum og var mjög slæm á síðasta ári. Má rekja það að hluta til þess að bótasvið tryggingarinnar hefur verið aukið mikið, einkum á sviði slysatrygginga. Iðgjöld fjölskyldutrygginga voru hækkuð nokkuð í lok ársins. Þá hefur fjöldi brunatjóna aukist verulega á síðustu misserum án þess að augljós skýring sé þar á. Er vonandi að hér sé einungis um tímabundna aukningu að ræða. Í desember sl. brann frystihús Ísfélags Vestmannaeyja sem tryggt var hjá félaginu. Hér var um gífurlegt eignatjón að ræða. Félagið bar þó lítinn hluta tjónsins í eigin áhættu en endurtryggjendur félagsins verða hins vegar fyrir miklu tjóni. Ljóst er að tjón þetta og slæm afkoma eignatrygginga að öðru leyti muni hafa áhrif á endurtryggingakjör félagsins í þessari grein á næstu árum.

Iðgjöld ársins. Hér fer á eftir samanburður á iðgjöldum áráanna 2000 og 1999 eftir váttryggingagreinum.

Iðgjöld áráanna 2000 og 1999:	2000 Millj.kr.	1999 Millj. kr	Breyting %
Eignatryggingar	689,8	711,0	-3,0
Sjó-, flug- og farmtryggingar	868,3	900,8	-3,6
Ökutækjatrýggingar	2.099,7	1.629,6	+28,8
Almennar ábyrgðartryggingar	294,3	256,0	+15,0
Slysa- og sjúkratryggingar	481,2	426,5	+12,8
Frumtryggingar:	4.433,3	3.923,9	+13,0
Endurtryggingar:	50,8	50,3	+1,0
Iðgjöld áráanna alls:	4.484,1	3.974,2	+12,8

Tjón ársins. Hér fer á eftir samanburður á tjónum áráanna 2000 og 1999 eftir váttryggingagreinum.

Tjón áráanna 2000 og 1999:	2000 Millj.kr	1999 Millj. kr.	Breyting %
Eignatryggingar	1.824,6	476,9	+282,6
Sjó-, flug- og farmtryggingar	772,2	516,6	+49,5
Ökutækjatrýggingar	2.636,5	2.412,3	+9,3
Almennar ábyrgðartryggingar	162,5	205,2	-20,8
Slysa- og sjúkratryggingar	404,9	168,1	140,9
Frumtryggingar:	5.800,7	3.779,1	+53,5
Endurtryggingar:	28,1	42,1	-33,3
Tjón áráanna alls:	5.828,8	3.821,2	+52,5

Skrifstofurekstur. Rekstrarkostnaður vegna váttryggingarekstrar að frádrægnum umboðslaunatekjum nam kr. 701,9 milljónum á árinu en var kr. 573,2 milljónir árið áður. Hlutfall hreins rekstrarkostnaðar af bókfærðum iðgjöldum var 15,0% á árinu en var 14,1% á árinu 1999.

Á síðari hluta ársins var opnað útibú í Reykjanesbæ á sama stað og umboð félagsins var rekið áður. Í því skyni var húsnæði skrifstofunnar að Hafnargötu 26, Keflavík keypt. Þar starfa nú 3 starfsmenn og veitir Gunnar Oddsson útibúinu forstöðu.

Starfsmannahald. Árið 2000 voru starfsmenn að meðaltali 100, jafn margir og árið áður. Nú starfa hjá félaginu 103 starfsmenn, 82 á aðalskrifstofu, 6 í tjónaskoðunarstöðinni, 1 á Akranesi, 4 á Akureyri, 1 á Blönduósi, 3 í Reykjanesbæ, 3 í Vestmannaeyjum og 3 í mötuneyti og ræstingu.

Hlutabréfaeign í öðrum félögum. Samstæðan á hlutabréf í 59 félögum. Keypt voru hlutabréf í 20 félögum (6 ný félög) fyrir kr. 505,6 milljónir og seld hlutabréf í átta félögum fyrir kr. 163,7 milljónir. Markaðsverð hlutabréfa skráð á Verðbréfaþingi Íslands, miðað við sölugengi 31.12.2000, var kr. 2.626,2 milljónir eða kr. 389,9 milljónir umfram bókfært verð bréfanna og hafði umframverðið lækkað um kr. 809,8 milljónir frá árinu áður.

Váttryggingaskuld félagsins. Heildarváttryggingaskuld félagsins nam kr. 11.227,2 milljónir. í árslok 2000, en hluti endurtryggienda er kr. 2.583,0 milljónir. Eigin váttryggingaskuld er því kr. 8.644,2 milljónir. Eigin váttryggingaskuld hefur hækkað um kr. 724,3 milljónir. frá árinu áður eða 9,1%. Eigin váttryggingaskuld er nú í hlutfallinu 2,47 á móti eigin iðgjöldum en þetta hlutfall var 2,79 árið áður.

Rekstrarhorfur: Mjög erfitt er að áætla rekstrarhorfur til skamms tíma hjá váttryggingafélagi þar sem langstærsti gjaldaliður félagsins, tjónin, eru háð mjög miklum sveiflum. Félagið metur hins vegar líklegan tjónþunga og reynir að taka iðgjald í samræmi við það. Ekkert stórtjón hefur lent á félaginu það sem af er árinu.

Fjármunatekjur félagsins byggjast á efnahagsumhverfinu og þeim möguleikum til ávöxtunar sem það gefur. Erfitt er að segja til um þróunina á því sviði á þessu ári, en það er mat félagsins að fjármunatekjur verði svipaðar á árinu 2001 og á árinu 2000.

Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til af bæta afkomuna í váttryggingarekstrinum. Iðgjöld í lögboðnum ökutækja-tryggingum voru hækkuð um 25% - 30% að jafnaði á síðasta ári og ýmsar breytingar voru gerðar á áhættuflokkum og áhættusvæðum, iðgjöld í húftryggingum ökutækja hækkuðu lítillega. Í lok ársins voru gerðar breytingar á gjaldskrá og skilmálum í nokkrum greinum eignatrygginga. Vegna þess að tryggingar eru að jafnaði greiddar ár fyrirfram og gjalddagar trygginga eru að jafnaði snemma á árinu gætir áhrifa þessara gjaldskrárbreytinga að takmörkuðu leyti fyrr en á árinu 2001. Þessar ráðstafanir munu bæta afkomu váttryggingarekstursins og leiða að öðru óbreyttu til betri afkomu félagsins á árinu 2001 en á árinu 2000.

Ég vil þakka öllu starfsfólki félagsins, sem og umboðsmönnum um allt land, afar góð störf fyrir félagið. Árvekni þess og dugnaður er drifkraftur félagsins til framtíðar. Þá vil ég þakka öllum viðskiptavinum félagsins fyrir það traust sem þeir sýna félaginu með því að fela því váttryggingavernd hagsmuna sinna og eigna.

Reykjavík, 5. mars 2001

Gunnar Felixson

forstjóri

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samstæðuársreikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Tryggingar hf. sem er að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt svo og innbyrðis viðskiptum. Samanburðartölur samstæðunnar fyrir fyrra ár voru unnar með sama hætti. Dótturfélagið, Trygging hf., er hætt allri tryggingastarfsemi og yfirtók Tryggingamiðstöðin hf. tryggingastofna þess á árinu 1999, aðra en í erlendum endurtryggingum. Rekstur Tryggingar felst í ávöxtun eigna og uppgjöri skuldbindinga vegna óframkominna tjóna vegna erlendu endurtrygginganna.

Hagnaður af rekstri félagsins var kr. 171,3 milljónir og eigið fé þess í árslok nam kr. 3.904,1 milljónum. Hlutfé félagsins í árslok var kr. 233,1 milljón. Hluthafar í árslok voru 672 og hafði fækkað um 221 frá fyrra ári. Einn huthafi, Fram hf. í Vestmannaeyjum, átti meir en 10% eignarhlut í félaginu eða 17.74%. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Starfsmenn samstæðunnar voru að meðaltali 100 á árinu en í árslok voru 103 starfsmenn hjá félaginu, 85 á aðalskrifstofu félagsins, 6 í tjónaskoðunarstöð þess og 12 samtals á skrifstofum félagsins á Akranesi, Akureyri, Blönduósi, í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. mars 2001

Stjórn:

Jón Ingvarsson

Ágúst Karlsson

Geir Zoëga

Haraldur Sturlaugsson

Magnús Bjarnason

Svavar B. Magnússon

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 2000, þ.e. ársreikning móðurfélagsins og samstæðunnar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning árið 2000, efnahagsreikning 31. desember 2000, sjóðstreymi árið 2000 og skýringar nr. 1-35. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að vissa fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin tekur mið af mati okkar á mikilvægi og áhættu einstakra þátta og felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2000, efnahag þess 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög og samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 5. mars 2001.

PricewaterhouseCoopers ehf,

Þórir Ólafsson
lögilltur endurskoðandi

Samstæðureikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 2000 hef ég, kjörinn skoðunarmaður, yfirfarið og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 5. mars 2001.

Kristinn V. Jóhannsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur fyrir árið 2000

Tekjur og gjöld af váttryggingarekstri:		Samstæða		Móðurfélag	
		Skýr.	2000	1999	2000
Iðgjöld:					
		4.668.549	4.074.218	4.668.549	3.354.724
		(946.834)	(1.114.143)	(946.834)	(805.381)
		(184.418)	(99.983)	(184.418)	63.721
		(39.491)	(21.901)	(39.491)	(101.358)
	Eigin iðgjöld 24	3.497.806	2.838.191	3.497.806	2.511.706
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri		834.834	789.474	830.298	702.222
Tjón:					
		(3.907.975)	(3.199.402)	(3.907.973)	(2.618.292)
		922.763	848.881	922.763	648.040
		(1.920.859)	(621.840)	(1.920.859)	(466.513)
		1.220.486	(80.875)	1.220.486	(129.824)
	Eigin tjón 24	(3.685.585)	(3.053.236)	(3.685.583)	(2.566.589)
Rekstrarkostnaður:					
		(321.749)	(320.615)	(321.749)	(262.279)
		(500.005)	(418.953)	(499.359)	(353.597)
		119.810	166.331	119.810	109.784
	Hreinn rekstrarkostnaður	(701.944)	(573.237)	(701.298)	(506.092)
Breyting á útjöfnunarskuld 24		200.000	254.996	200.000	169.996
Hagnaður af váttryggingarekstri		145.111	256.188	141.223	311.243
Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:					
Fjárfestingartekjur:					
		0	0	0	(35.768)
		108.290	139.414	108.290	139.414
		44.938	83.862	42.090	31.903
		(24.934)	(61.052)	(25.154)	(62.534)
		930.284	879.809	924.344	787.217
		81.430	30.104	81.431	30.103
	Fjárfestingartekjur	1.140.008	1.072.137	1.131.001	890.335
Fjárfestingargjöld:					
		(76.039)	(80.056)	(70.222)	(64.946)
		(22.713)	(11.971)	(22.713)	(11.971)
		(1.030)	(1.119)	(1.030)	(1.119)
	Fjárfestingargjöld	(99.782)	(93.146)	(93.965)	(78.036)
Reiknaðar tekjur (gjöld) vegna verðlagsbreytinga		45.729	44.323	53.500	34.846
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur 25		(834.834)	(789.474)	(830.298)	(702.222)
Hagnaður af fjármálarekstri		251.121	233.840	260.238	144.923
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi:					
		0	6.087	0	0
		(168.530)	(144.876)	(168.529)	(133.143)
	Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi	(168.530)	(138.789)	(168.529)	(133.143)
Hagnaður fyrir tekju- og eignarskatt		227.702	351.239	232.932	323.023
Tekju- og eignarskattur 32		(56.400)	(115.844)	(61.630)	(87.628)
Hagnaður ársins		171.302	235.395	171.302	235.395

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2000	1999	2000	1999
Óefnislegar eignir:					
Viðskiptavild	2,31	<u>836.634</u>	<u>903.449</u>	<u>836.634</u>	<u>903.449</u>
Fjárfestingar:					
Húseignir og lóðir	7	449.535	423.777	415.149	400.577
Hlutur í samstæðufélagi	2	0	0	390.203	577.610
Hlutir í hlutdeildarfélögum	8, 14	842.838	663.456	769.214	663.456
Aðrar fjárfestingar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum	8-10	2.924.134	2.446.323	2.775.803	2.216.746
Verðbréf með föstum tekjum	11	842.214	920.217	842.214	920.217
Veðlán	12	3.802.434	3.789.650	3.802.434	3.789.650
Önnur útlán	13	<u>760.106</u>	<u>701.580</u>	<u>733.582</u>	<u>673.690</u>
		9.621.261	8.945.003	9.728.599	9.241.946
Geymslufé vegna endurtrygginga		<u>31.812</u>	<u>29.790</u>	<u>31.812</u>	<u>29.790</u>
Fjárfestingar		<u>9.653.073</u>	<u>8.974.793</u>	<u>9.760.411</u>	<u>9.271.736</u>
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld:					
Iðgjaldaskuld		91.115	130.606	91.115	130.606
Tjónaskuld		<u>2.491.865</u>	<u>1.271.379</u>	<u>2.491.865</u>	<u>1.271.379</u>
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld		<u>2.582.980</u>	<u>1.401.985</u>	<u>2.582.980</u>	<u>1.401.985</u>
Kröfur:					
Kröfur á váttryggingataka		1.274.193	1.028.210	1.274.193	1.028.210
Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi		9.710	8.369	9.710	8.369
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi		150.818	186.457	150.818	186.457
Aðrar kröfur		<u>1.558</u>	<u>144.044</u>	<u>682</u>	<u>15.345</u>
Kröfur		<u>1.436.279</u>	<u>1.367.080</u>	<u>1.435.403</u>	<u>1.238.381</u>
Aðrar eignir:					
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	15	97.193	94.845	92.301	94.845
Sjóður og bankainnstæður		<u>1.060.648</u>	<u>734.806</u>	<u>1.022.645</u>	<u>704.671</u>
Aðrar eignir		<u>1.157.841</u>	<u>829.651</u>	<u>1.114.946</u>	<u>799.516</u>
Eignir samtals		<u>15.666.807</u>	<u>13.476.958</u>	<u>15.730.374</u>	<u>13.615.067</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skuldir og eigið fé:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2000	1999	2000	1999
Eigið fé:					
Hlutfé		233.099	233.099	233.099	233.099
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.567.100	1.567.100	1.567.100	1.567.100
Lögbundinn varasjóður		58.300	58.300	58.300	58.300
Endurmatsreikningur		445.046	362.875	445.046	362.875
Óráðstafað eigið fé		1.600.573	1.415.562	1.600.573	1.415.562
Eigið fé	16-17	<u>3.904.118</u>	<u>3.636.936</u>	<u>3.904.118</u>	<u>3.636.936</u>
Vátryggingaskuld:					
Iðgjaldaskuld		1.195.751	1.011.333	1.195.751	1.011.333
Tjónaskuld		9.123.456	7.202.597	9.078.456	7.157.597
Útjöfnunarskuld		908.000	1.108.000	908.000	1.108.000
Vátryggingaskuld		<u>11.227.207</u>	<u>9.321.930</u>	<u>11.182.207</u>	<u>9.276.930</u>
Aðrar skuldbindingar:					
Skattskuldbinding	19	140.493	110.344	120.615	85.452
Aðrar skuldbindingar		<u>140.493</u>	<u>110.344</u>	<u>120.615</u>	<u>85.452</u>
Geymslufé frá endurtryggjendum		<u>56.342</u>	<u>62.991</u>	<u>56.342</u>	<u>62.991</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:					
Skuldir við dótturfélög	20	0	0	163.599	233.589
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		70.236	73.853	70.236	73.853
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi		37.778	69.228	22.228	56.563
Skuldabréfalán	21	41.202	40.974	41.202	40.974
Aðrar skuldir	22	159.120	127.999	139.516	124.676
Viðskiptaskuldir		<u>308.336</u>	<u>312.054</u>	<u>436.781</u>	<u>529.655</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	23	<u>30.311</u>	<u>32.703</u>	<u>30.311</u>	<u>23.103</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>15.666.807</u>	<u>13.476.958</u>	<u>15.730.374</u>	<u>13.615.067</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sjóðstreymi árið 2000

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2000	1999	2000	1999
Handbært fé frá rekstri:					
Hagnaður ársins		171.302	235.395	171.302	235.395
Rekstrarliðir, sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir rekstrarfjármuna og fasteigna	7,15	52.246	80.303	50.802	63.142
Reiknuð gjöld (tekjur) vegna verðlagsbreytinga	3	(45.729)	(44.323)	(53.500)	(34.846)
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		724.282	569.603	724.282	463.978
Verðbætur og gengismunur		(110.283)	(177.361)	(109.218)	(176.246)
Hagnaður hlutdeildarfélagum	26	(108.290)	(139.414)	(108.290)	(139.414)
Skattskuldbinding, hækkun		30.149	41.867	35.163	16.975
Afskrifuð viðskiptavild v/yfirverðs	32	102.727	100.383	102.727	100.383
Aðrir liðir		(81.431)	1.119	(81.431)	36.887
Veltufé frá rekstri		<u>734.973</u>	<u>667.572</u>	<u>731.837</u>	<u>566.254</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(293.529)	(273.683)	(199.044)	(228.192)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		80.851	18.148	(92.315)	187.854
		<u>(212.678)</u>	<u>(255.535)</u>	<u>(291.359)</u>	<u>(40.338)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>522.295</u>	<u>412.037</u>	<u>440.478</u>	<u>525.916</u>
Fjárfestingarhreyfingar:					
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		2.780	166.866	2.780	3.590
Kaupverð varanlegra fjármuna		(62.367)	(248.228)	(46.074)	(225.035)
Arður af dóttur- og hlutdeildarfélagum		31.119	122.669	234.719	122.669
Afborganir skuldabréfa		2.702.360	2.683.086	2.571.231	2.466.367
Keypt skuldabréf		(2.483.265)	(3.075.761)	(2.483.265)	(2.586.626)
Söluverð hlutabréfa í öðrum félögum		163.698	84.463	113.530	84.463
Kaupverð hlutabréfa í öðrum félögum		(505.583)	(168.781)	(470.230)	(168.779)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(151.258)</u>	<u>(435.686)</u>	<u>(77.309)</u>	<u>(303.351)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:					
Afborganir langtímalána	20	1.425	(783)	1.425	(783)
Yfirtaka eigna og skulda frá Tryggingu hf		0	0	0	21.016
Greiddur arður		(46.620)	(46.620)	(46.620)	(46.620)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(45.195)</u>	<u>(47.403)</u>	<u>(45.195)</u>	<u>(26.387)</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar		<u>(196.453)</u>	<u>(483.089)</u>	<u>(122.504)</u>	<u>(329.738)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		325.842	(71.052)	317.974	196.178
Handbært fé í ársbyrjun		<u>734.806</u>	<u>805.858</u>	<u>704.671</u>	<u>508.493</u>
Handbært fé í árslok		<u>1.060.648</u>	<u>734.806</u>	<u>1.022.645</u>	<u>704.671</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar með ársreikningi 2000

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samstæðuársreikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Tryggingar hf., sem er að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt svo og innbyrðis viðskiptum. Samanburðartölur samstæðunnar voru unnar með sama hætti.

2. Við bókun eignarhluta í Tryggingu hf., Heklu hf., Íslenski endurtryggingu hf. og Sameinaða líftryggingarfélaginu hf. er stuðst við hlutdeildaraðferð. Aðrir eignarhlutar í félögum eru eignfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði.

Á liðinn "Viðskiptavild" er fært yfirverð á hlutabréfum í dótturfélaginu Tryggingu hf., sem ekki tengist einstökum eignum þess. Eftirstöðvar viðskiptavildarinnar (yfirverðið) gjaldfærist á næstu 8 árum.

Viðskiptavild greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	903.448.782
Endurmat á árinu	35.911.643
Gjaldfærð viðskiptavild á árinu	(102.726.700)
Staða í árslok	<u>836.633.725</u>

Eignarhlutur móðurfélags í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess í lok ársins auk yfirverðs einstakra eigna. Sá hluti yfirverðs sem tengist einstökum eignum dótturfélagsins er í samstæðureikningi færður til hækkunar á þeim.

Eignarhlutdeild 1.1.2000	577.610.155
Endurmat yfirverðs einstakra eigna	4.922.187
Hlutdeild í endurmati dótturfélags	11.270.096
Greiddur arður á árinu	(203.599.696)
Tekjur af dótturfélagi:	
Hagnaður ársins 2000	18.615.482
Innleyst yfirverð einstakra eigna	(18.615.482)
Bókfært verð eignarhluta í Tryggingu hf. í árslok	<u>390.202.742</u>
Bókfært eigið fé Tryggingar skv. ársreikningi 2000	298.445.798
Yfirverð einstakra eigna Tryggingar hf.	<u>91.756.944</u>
Bókfært eigið fé Tryggingar hf. auk yfirverðs hlutabréfa	<u>390.202.742</u>

3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn og er í því sambandi fylgt eftirfarandi aðferðum:

- a) Húseignir og rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka með verðbreytingarstuðli sem miðast við hækkun neysluvísitölu á árinu, eða um 4,18%. Endurmatshækkun húseigna og rekstrarfjármuna er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi, samanber skýringu nr. 17.
- b) Verðlagsbreytingar á peningalegum eignum og skuldum eins og þær voru í byrjun reikningsársins byggjast á vísitölu neysluverðs á árinu en hún hækkaði um 4,18% og myndaði reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 45,7 milljónir hjá samstæðunni og 53,5 milljónir hjá móðurfélaginu. Verðbreytingarfærslan er færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi.

Skýringar

4. Afskriftir ársins eru reiknaðar sem fastur hundradshluti af stofnverði framreiknuðu til meðalverðlags.

Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Húseignir	3% - 6%
Skrifstofuáhöld, innrétingar og tölvur	20% - 33%
Bifreiðar	10%

5. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færð í rekstrarreikning. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2000, eignir á kaupgengi og skuldir á sölugengi en tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadagsins.
6. Í efnahagsreikningi eru skammtímakröfur og verðbréf færð niður um 213,0 milljónir kr. hjá samstæðunni sem er sama fjárhæð og hjá móðurfélaginu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Á árinu hafa verið gjaldfærðar 65,8 milljónir kr. hjá samstæðunni og sama fjárhæð hjá móðurfélaginu vegna tapaðra krafna og niðurfærslu eigna, samanber skýringu nr. 31.

Fjárfestingar

7. Húseignir og eignarlóðir

- a) Endurmat og afskriftir greinast þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Bókfært verð í upphafi reikningsárs	569.039.866	545.761.956
Keypt á árinu	23.728.199	12.813.638
Endurmat ársins	24.097.531	22.928.511
Framreiknað stofnverð samtals	<u>616.865.596</u>	<u>581.504.105</u>
Afskrifað alls í upphafi reikningsárs	145.262.956	145.185.046
Endurmat ársins	6.075.283	6.061.466
Fyrning ársins	15.694.409	15.108.844
Fyrning samtals	<u>167.032.648</u>	<u>166.355.356</u>
Bókfært verð í árslok	<u>449.832.948</u>	<u>415.148.749</u>

- b) Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð húseigna og eignarlóða samstæðunnar:

	Fasteigna- mat 01.01.01	Brunabóta- mat 31.12.00	Bókfært verð 31.12.00
Aðalstræti 6, Reykjavík (75,63%)	237.781.000	315.555.000	250.189.619
Aðalstræti 8, Reykjavík (64,77%)	41.022.000	88.371.000	87.111.527
Aðalstræti 8, bifreiðageymslur	27.985.000	25.660.000	14.133.680
Hamarshófi 2, Reykjavík (100%)	22.496.000	35.628.000	12.767.053
Austurvegur 6, Selfossi	10.678.000	21.134.000	34.684.199
Strandgata 3, Akureyri	7.101.000	16.463.000	19.236.453
Strandvegur 63, Vestm. (100%)	9.373.000	21.988.000	18.044.387
Hafnargata 26, Keflavík	2.086.000	7.253.000	6.786.096
Hafnarbraut 6, Nesk. (20%)	1.842.000	7.846.000	3.542.572
Sumarhús	2.670.000	3.853.000	1.317.285
Fischersund 1 (lóð)	1.141.000		511.817
Mjóstræti 5 (lóð)	3.072.000		0
Strandvegur 61, Vestm. (lóð)	288.000		1.508.260
	<u>367.535.000</u>	<u>543.751.000</u>	<u>449.832.948</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum

8. Samstæðan á hlut í eftirgreindum félögum og er bókfært verð hlutanna framreiknað miðað við upphaflegt kaupverð, nema þegar um dóttur- og hlutdeildarfélög er að ræða.

	Eignar- hlutur	Samstæða		Móðurfélag	
		Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Dótturfélag:					
Trygging hf., Reykjavík	100,00%	0	0	203.599.696	390.202.742
Eignarhlutir samstæðunnar í félögum:					
Hlutdeildarfélög, eignarhlutur 15%-50%:					
Hekla hf., Reykjavík	33,33%	48.000.000	487.100.000	48.000.000	487.100.000
Íslensk endurtrygging hf. Rvík. (38,2%)	28,68%	135.074.039	295.416.031	101.420.477	221.792.420
Sameinaða líftryggingarfélagið hf. Rvík.	15,00%	12.352.800	60.322.001	12.352.800	60.322.001
		<u>195.426.839</u>	<u>842.838.032</u>	<u>161.773.277</u>	<u>769.214.421</u>
Hlutabréf skráð á VÞÍ:					
Austurbakki hf., Reykjavík	2,08%	300.000	12.546.301	300.000	12.546.301
Bakkavör hf., Njarðvík	1,12%	5.600.000	21.967.316	5.600.000	21.967.316
Baugur hf., Reykjavík	0,47%	5.233.098	49.274.571	5.233.098	49.274.571
DeCode genetics, Reykjavík(37.864 hlutir)	0,09%	0	32.887.586	0	32.887.586
HF. Eimskipafélag Íslands	0,37%	11.345.394	67.583.269	11.345.394	67.583.269
Fiskiðjúsamlag Húsavíkur hf., Húsavík	9,13%	56.549.513	72.639.767	56.549.513	72.639.767
Fiskmarkaður Íslands hf., Snæfellsbæ	3,92%	2.050.000	3.053.194	2.050.000	3.053.194
Flugleiðir hf., Reykjavík	0,09%	2.065.200	6.279.000	0	0
Frumherji hf., Reykjavík	7,84%	6.406.796	14.506.731	6.406.796	14.506.731
Grandi hf., Reykjavík	0,90%	13.296.287	31.147.323	13.296.287	31.147.323
Haraldur Böðvarsson hf., Akranesi	3,96%	43.526.802	145.227.194	43.526.802	145.227.194
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði	6,52%	29.428.708	97.705.927	29.428.708	97.705.927
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., Hnífsdal	3,38%	22.756.562	150.448.337	22.756.562	150.448.337
Húsasmiðjan hf., Reykjavík	0,36%	1.000.280	20.854.135	1.000.280	20.854.135
Íslandsbanki-FBA hf., Reykjavík	1,21%	120.804.789	242.220.314	120.804.789	242.220.314
Olíuverslun Íslands hf., Reykjavík	1,60%	10.731.385	72.370.347	10.731.385	72.370.347
Opin kerfi hf., Reykjavík	0,81%	1.700.525	21.797.905	1.700.525	21.797.905
Samherji hf., Akureyri	1,46%	20.108.607	196.852.333	20.108.607	196.852.333
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	4,34%	38.200.716	131.916.107	38.200.716	131.916.107
Skagstrendingur hf., Skagaströnd	11,60%	39.239.197	358.068.716	39.239.197	358.068.716
Skeljungur hf., Reykjavík	4,42%	33.391.168	57.502.053	33.391.168	57.502.053
Stáltak hf., Reykjavík	0,61%	2.000.000	1.175.176	2.000.000	1.175.176
Sölumiðst. hraðfrystihúsanna hf., Rvík	0,58%	8.743.357	47.572.485	8.743.357	47.572.485
SÍF hf. Hafnarfirði	1,85%	27.326.774	84.659.156	27.326.774	84.659.156
Tangi hf., Vopnafirði	4,50%	22.609.468	34.362.225	22.609.468	34.362.225
Tækniaval hf., Reykjavík	0,71%	1.080.379	15.019.727	1.080.379	15.019.727
Útgerðarfélag Akureyringa hf., Akureyri	0,51%	5.435.811	24.081.535	5.435.811	24.081.535
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum	1,15%	17.954.576	32.404.695	17.954.576	32.404.695
Þorbjörn Fiskaness hf., Grindavík	1,70%	18.890.854	129.296.655	18.890.854	129.296.655
Þormóður rammi-Sæberg hf., Sigluf.	0,67%	8.655.213	47.244.085	8.655.213	47.244.085
Þróunarfélag Íslands hf., Reykjavík	0,14%	1.577.206	1.149.520	1.577.206	1.149.520
Össur hf., Reykjavík	0,12%	384.572	12.467.231	384.572	12.467.231
		<u>578.393.237</u>	<u>2.236.280.916</u>	<u>576.328.037</u>	<u>2.230.001.916</u>

Skýringar

	Eignar- hlutur	Samstæða		Móðurfélag	
		Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutabréf ekki skráð á VPÍ:					
AKO/Plastos hf., Akureyri	0,29%	500.000	1.517.436	500.000	1.517.436
Alpan hf., Eyrarbakka	0,82%	1.135.801	1.322.548	0	0
Barðsnes ehf., Neskaupstað	2,15%	20.000.000	20.910.502	20.000.000	20.910.502
Básafell hf., Ísafirði	1,04%	7.901.038	17.402.183	7.901.038	17.402.183
Berghóll ehf., Þorlákshöfn	4,00%	1.333.333	1.382.589	1.333.333	1.382.589
Byr ehf., Vestmannaeyjum	2,97%	222.390	5.518.842	222.390	5.518.842
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf., Reykjavík	2,39%	549.000	603.990	549.000	603.990
EJS Scandinavia ehf., Reykjavík	0,08%	310.002	7.703.905	310.002	7.703.905
Electric, eignarhaldsfélag ehf., Reykjavík	46,67%	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000
Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Sauðárkrúki	0,53%	3.787.232	4.480.183	3.787.232	4.480.183
Fiskvinnslan Fjölur hf., Þingeyri	5,00%	20.000.000	21.056.689	20.000.000	21.056.689
Frjáls fjölmiðlun hf., Reykjavík	4,32%	2.940.000	65.150.658	2.940.000	65.150.658
Gná hf., Bolungarvík	5,66%	10.000.000	20.365.686	10.000.000	20.365.686
Hraðfrystihús Hellissands hf., Hellissandi	4,36%	510.000	28.542.097	510.000	28.542.097
Ísfélag Þorlákshafnar hf., Þorlákshöfn	1,83%	1.000.000	2.413.697	1.000.000	2.413.697
Karl K. Karlsson ehf., Reykjavík	0,25%	12.500	5.183.014	12.500	5.183.014
Langjökull ehf., Borgarbyggð	0,89%	125.000	139.288	0	0
Lánstraust ehf., Reykjavík	6,19%	600.000	3.591.597	600.000	3.591.597
MP BIO hf., Reykjavík	1,07%	10.000.000	14.119.420	10.000.000	14.119.420
Myllan-Brauð hf., Reykjavík	1,14%	2.000.000	10.455.251	2.000.000	10.455.251
Oddi hf., Vesturbyggð	4,92%	5.000.000	5.570.562	5.000.000	5.570.562
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., Reykjanesbæ	1,60%	2.000.000	2.224.546	2.000.000	2.224.546
